

STJÓRN SÖGUFÉLAGS 2010–2011

Forseti: Anna Agnarsdóttir prófessor  
Ritari: Súsanna Margrét Gesisdóttir sagnfræðingur  
Gjaldkeri: Bragi Þorgrímur Ólafsson sagnfræðingur  
Meðstjórnendur: Illugi Gunnarsson alþingismaður  
Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur  
Vararamenn: Ólafur Rastrick sagnfræðingur  
Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur

HEIÐURSFÉLAGAR SÖGUFÉLAGS

Einar Laxness (frá 2006)

Sigríður Th. Erlendsdóttir (frá 2008)

SÖGUFÉLAG

Var stofnað 7. mars 1902. Markmið þess er að gefa út tímarit, heimildarit og annað efni um sagnfræði og söguleg efni, einkum um sögu Íslands. Félagsmenn Sögufélags eru þeir sem greiða áskriftarverð tímaritsins *Sögu*. Félagsmenn fá bækur félagsins með 10–20% afslætti. Skrifstofa og afgreiðsla Sögufélags er í Fischersundi 3, 101 Reykjavík. Síminn er 551 4620 og netfangið [sogufelag@sogufelag.is](mailto:sogufelag@sogufelag.is). Afgreiðslu annast Ragnheiður Forlaksdóttir.

TÍMARITID SAGA

Þessar át tvísvar á ári, vor og haust. Ritryndar greinar og viðhorf myndast á eftirþætti tímaritsins. Í *Sögu* birtast einnig viðtöl við fólk sem stendur frammanlega í sagnfræðirannsóknunum, sem og dómur um nýjar bækur er varða *Sögu*, einkum Íslandssögu.

Handrit að efni í *Sögu* skal senda með rafrænum hætti til ritstjóra. Upplýsingar um netfang hans og ífarlegar leiðbeiningar um frágang handrita er að finna á vefsíðu félagsins. Einnig má senda handrit til afgreiðslu Sögufélags.

Allar hægnýndir að efni — viðtölum, greinum, viðhorfum, ítardómum, ritdómum og ritfregnum — eru vel þegnar.

VEFSÍÐA SÖGUFÉLAGS

Þessu upplýsingar um eldri hefti *Sögu* og önnur útgáfuverk félagsins:  
[www.sogufelag.is](http://www.sogufelag.is)


# SAGA

## TÍMARIT SÖGUFÉLAGS

XLVIII:2 2010

RITSTJÓRI

SIGRÚN PÁLSDÓTTIR



SÖGUFÉLAG REYKJAVÍK

2010

STEINUNN KRISTJÁNSDÓTTIR OG GÍSLI KRISTJÁNSSON

## Skreiðin á Skriðu

Um tengsl milli

Skriðuklausturs og Suðursveitar á 16. öld

Staðsetning Skriðuklausturs kann að þykja einkernileg eins og það blasir við í dag í afskekktum dal á Fljótsdalshéraði. Hvarvetna stóðu miðaldarklastrin í alfaraleið vegna þess grundvallarhlutverks þeirra að taka á móti öllum þeim sem þurftu á andlegri eða líkamlegri aðstoð að halda. Átti það sérstaklega við um þau klaustur sem ráku spítala á sínum vegum, eins og Skriðuklaustur virðist hafa gert, þó margir gestkomandi í klaustrum hafi oft einungis beiðst neturgistingar eða einfaldrar sáluhjálpar í forni bænar. Greiningar á fiskbeinum úr uppgrefti á rústum þess komu fræðimönnum á sporið við leit að skýningum á staðsetningu klaustursins. Á borð bræðranna á Skriðu hefur nefnilega borist rígaþorskur, stórýsa og langa. Fiskurinn hefur verið af stærðum og tegundum sem fátítt er að veiðist á grunnmíðum við Austurland þangað sem nærtækast var fyrir klaustrfólk að sækja sér fisk eins og leiðir liggja nú á tímum. Þennan fisk er að fá fyrir Suðurlandi. Þetta benti til þess að fiskmeti sem neytt var á staðnum hafi verið flutt sunnan að. Beindu niðurstöðurnar þess vegna sjónum að flutningaleiðum sem nú á tímum eru lokaðar eða gleymdar. Í greininni verður skýrt frá þessum leiðum og greint frá því hvernig öll umsvif bræðranna á Skriðu voru samofin samgöngum, veðurfari og nýtingu náttúruauðlinda hafsisins. Um leið verður sýnt fram á að Skriðuklaustur var miðsvæðis í fjórðungnum út frá samgöngu-leiðum á klausturtímanum.

### Skriðuklaustur

Skömmu fyrir aldamótin 1500 var klaustur stofnað á bænum Skriðu í Fljótsdal og var það starfrækt til síðaskipta. Voru það hjónin Hallsteinn Þorsteinsson og Cecilia Þorsteinsdóttir sem gáfu jörð sína til klausturhalds en þau bjuggu á Viðivöllum í sömu sveit. Klaustrið var lagt af við siðbreytinguna um miðja 16. öld, eftir aðeins um 60 ára starfstíma.<sup>1</sup> Auk Skriðuklausturs voru í Austfirðingafjórðungi,

1 Heimir Steinsson, Saga munklifis að Skriðu í Fljótsdal. Embættisprófsritgerð í guðfræði frá Háskóla Íslands, 1965, bls. 8.

sem þá var talsvert stærri en nú, tvö önnur klaustur á kaþólskum tíma: á Kirkjubæ og í Þykkvabæ. Gátu þau þjónað svæðunum sunnan jökuls, að Sumlendingafjórðungi, en Skriðuklaustur austan hans.

Fornleifauppgröftur hefur staðið yfir á rústum Skriðuklausturs síðan 2002. Hefur hann leitt í ljós leifar af byggingum sem hafa náð yfir 1300 fermetra að grunnflæti. Stóðu húsin aðskilin og um 200 metra frá sjálfum Skriðubænum, sem var í byggð á sama tíma. Engar byggingar stóðu þarna fyrir stofnum klaustursins 1494. Hætt var að nota klausturhúsin eftir lokun klaustursins um 1550. Felli þau á árunum eftir það og voru rústir einar samkvæmt úttekt árið 1598.<sup>2</sup>


Inna skipulag klaustursins var hefðbundið, enda var það byggt að þektri forskrift kaþólsku kirkjunnar.<sup>3</sup> Samkvæmt niðurstöðum uppgraftarins myndaði byggingin álmur húsa sem lágu umhverfis klausturgarð. Í suðurálmunni var kirkja, í vestrálmunni var svefnskáli bræðranna, í norðurálmunni var eldað og matast en austurálmur nýtt sem geymslu og útihús. Þyrpingunni var lokað með þykkum vegg en innan hans var einnig sjúkraskáli, staðsettur fjærst svefn-skála bræðranna eins og gjarnan var gert til þess að aðskilja þá frá öðrum íbúum klaustursins. Klausturgarðurinn var einskonar miðja klaustursins en þar var einnig brunnur. Jarðsett var allt í kringum kirkjuna, jafnt inni í klausturgarðinum sem utan hans (mynd 1).

Fyrirliggjandi greiningar á bæði dýrabeinum og skordýraleifum styðja þá túlkun sem gerð hefur verið á hlutverkum hverrar álmu klaustursins.<sup>4</sup> Lokið hefur verið við að greina dýrabein þau sem grafin voru upp úr klausturrústunum tímabilið 2002–2007. Fjöldi

2 Heimir Steinsson, Saga munklifis að Skriðu í Fljótsdal, bls. 46.

3 Steinunn Kristjánsdóttir, „Kanúkaklaustrið að Skriðu í Fljótsdal — heimsmynd alþjóðlegrar kirkju í íslenskum dal“, *Endurfundir. Fornleifarannsóknir styrktar af Kristniðáttarsjóði 2001–2005*. Ritsj. Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir. Rít þjóðminjasafns Íslands 19 (Reykjavík 2009), bls. 84–85.

4 Alþina Hulda Pálsdóttir, *Archaeofauna from Skriðuklaustur, East Iceland* (New York: NABO 2006). — Hrönn Konráðsdóttir, *An Archaeoentomological Research of Skriðuklaustur Samples I*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna XX (Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir 2008). — Hrönn Konráðsdóttir, *Archaeoentomological Analysis of Samples from the 2008 Season of Skriðuklaustur Excavation*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna XXI (Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir 2008). — Sheila Hamilton-Dyer, *Skriðuklaustur Monastery, Iceland. Animal bones 2003–2007*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna XXVI (Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir 2010).



Mynd 1. Grunnform rústa Skriðuklausturs ásamt grófum í kirkjugarði þess. Teikn. Vala Gunnarsdóttir.

fiskbeina er 1.020 en spendýra og fugla 8.283. Flest spendýrabeinanna eru af sauðfé en nautgripabeinin eru næstflest. Aðeins hafa þó matarmestu bitar nautgripanna ratað á borð íbúanna, ólíkt sauðfénu sem allt var nýtt. Selur hefur verið nýttur að einhverju marki og hvalur einnig. Önnur spendýrabein eru af kjölróðkum, köttum og refum. Af fuglum hafa svanir verið langalgengastir en þar á eftir íjþipa og ýmsir sjöfuglar, einkum langvía. Algengasta fisktegundin var þorskur en einnig fannst talsvert af beinum úr ufsa, löngu og ýsu. Nokkuð fannst af hámerarbeinum, en flest þeirra voru unnin og að líkindum nýtt sem hringir í þau fjöld sem voru í kirkjunni, þar sem þau fundust.

Greiningar á mannabeinum sýna einnig glögg að til klaustursins leitaði fólk sem átti við ýmiskonar veikindi að stríða.<sup>5</sup> Fundist

<sup>5</sup> Guðný Zoëga, „Sjúkdómur á miðöldum“, *Skriðuklaustur: evrópski miðaldarklaustur*

hafa einkenni um skyrbjúg og beinkröm en einnig sársótt, lungna-bólgu, berkla, holdsveiki og sull, auk alvarlegra beinbrota. Samtals hafa 197 grafir verið grafnar upp úr Skriðuklausturskirkjugarði en af beinasafnu að dæma hafa yfir 100 manns leitað til klaustursins vegna meina sinna.<sup>6</sup> Rétt er að benda á að klaustur voru almennt skyldug til þess að jarða þá sem dóu í þeirra umsjón en almenningur gat auk þess keypt sér leg þar án þess að búa á staðnum.<sup>7</sup>

Fleira hefur komið fram við fornleifauppgröfnum sem styður þá tilgátu að lækningar hafi farið fram í Skriðuklaustri og jafnvel að þar hafi verið rekinn spítali. Átján lækningaáhöld af ýmsum gerðum hafa verið greind úr gripasafninu, þ.á m. skurðarhúfar og þrjónar til að loka sárum.<sup>8</sup> Af niðurstöðum greininga á frjókornum má jafnframt ráða að í klaustrinu hafi farið fram markviss ræktun á lækningajurtum en garðrækt var ríkur þáttur í starfsemi káþólskra

í Fljótsdal. Ritsj. Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir (Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun 2008), bls. 133–153. — Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustur Monastery — Medical Centre of Medieval East Iceland, *Acta Archaeologica* 79 (2008), bls. 208–215. — Steinunn Kristjánsdóttir, „Út yfir gróf og dauða. Um hjúkrun og lækningar í miðaldarklaustrinu á Skriðu í Fljótsdal“, *Tímarrit Íslikr-unnafreðinga* 6. tbl. 85. ág. (2009), bls. 8–14. — Steinunn Kristjánsdóttir og Cecilia Collins, „Cases of Hydatid Cysts in Medieval Iceland“, *International Journal of Osteoarchaeology* (2010).

<sup>6</sup> Sjá má fyrirliðandi greiningar í Elsa Pacciani, *Anthropological Description of Skeletons from Graves no. 4, 62, 63, 65, 66, 67 and 68 at Skriðuklaustur Monastery*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna XIV (Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir 2006). — Elsa Pacciani, *Anthropological Description of Skeletons from Graves no. 5, 17, 27, 34, 54, 74 and 75 at Skriðuklaustur Monastery*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna XVIII (Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir 2008). — Elsa Pacciani, *Anthropological description of skeletons from graves no. 83, 84, 85, 87, 88, 95, 96, 97 and 99 at Skriðuklaustur Monastery*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna XXII (Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir 2009). — Guðný Zoëga, Fornleifafræðileg rannsókn á fimur beinagrindum úr klausturgarðinum á Skriðu. Nr. 23, 29, 30, 33 og 43. Rannsóknarskýrslur 2007/61 (Sauðárkrúkur: Bygðasafn Skagfirðinga 2007). — Christina Brandt, *Osteological Analysis of Graves 175, 176, 177, 182, 183, 184, 185, 188, 191, 192, 194 and 196 from Skriðuklaustur Monastery*. Birt á slóðinni <http://www.hi.is/sjk/SKR.htm>. — Glenn Ricci, *Osteological Analysis of Graves 174, 181 and 195 from Skriðuklaustur Monastery*. Birt á slóðinni <http://www.hi.is/sjk/SKR.htm>

<sup>7</sup> Roberta Gilchrist og Barney Sloane, *Requiem. The Medieval Monastic Cemetery in Britain* (London: Museum of London Archaeology Service 2005), bls. 207.

<sup>8</sup> Skýrsla Annette Frölich um greiningar lækniáhalda frá Skriðuklaustri er í vinnslu.

klaustra.<sup>9</sup> Þetta hefur verið allstór stofnun og eina klaustrið austan Vátnajökuls.

Hvarvetna störfuðu klaustrin sem útstöðvar kaþólsku kirkjunnar. Hlutverk þeirra var umfram annað að sinna félagsmálum innan þeirra samfélaga þar sem þau störfuðu, líkt og gert var á Skriðuklaustri. Þau voru gríðastaður fyrir sjúka, aldraða og fátæka, samhlíða því að vera gísfhús fyrir ferðalang, skóli og bænasetur. Þau útdældu mat og veittu húsaþjónu til þeirra sem þess þurftu en tóku einnig að sér mennhú prestlæringa og próventuð fólk til framfærslu.<sup>10</sup>

Til að geta staðið undir þessu grundvallarhlutverki sínu þurftu klaustrin að afla tekna og liggja vel við aðdráttum ef þar dvöldu jafnvel tugir manna. Ef lítið er til klaustra á Bretlandi og í Suður-Skandinavíu, þá stóðu þau undantekningarlaust við þjóðbraut eða inni í bæjum. Ekkert þeirra stóð einangrað. Þannig var það einnig á Íslandi. Kaþólsku klaustrin stóðu væntanlega öll í alfaraleið þótt það sé ekki alltaf augljóst í dag. Skriðuklaustur stóð innanlega í Fljótsdal, nærri leiðarendan inn dalinn eins og samgöngum er háttad nú á tímum. Miðað við aðstæður í dag hefði verið eðlilegra ef klaustrinu hefði verið fundinn staður á Úthéraði eða Fjörðunum.

### Víðskipti í Suðursveit og víðar

Tekjur til rekstursins fengu klaustrin með ýmsum hætti. Skiptu landskuld og leiga kúgilda á klausturjörðunum þar að líkindum mestu máli en einnig vertollar og sjávarfli af útvegsjörðum klaustursins. Á þessum tíma var töluverður útflutningur á skreið og hart um hana barist. Skreið var eftirsótt vara í Evrópu og hún því í háu verði.<sup>11</sup> Áhugi þróranna á sjávarjörðum vekur þess vegna sérstaka athygli í þessu sambandi. Um hann ályktar Heimir Steinsson sem svo í ritgerð sinni um munklífi að Skriðu að „... klausturjörðunum í fjörðum niðri er kirfilega raðað með sjó fram og greinilega hýllt til

9 Samson B. Harðarson „Klausturgarðar á Íslandi“, *Skriðuklaustur: evrópskt miðaldarklaustur í Fljótsdal*, bls. 101–112.

10 Sjá t.d. Olaf Olsen, „De danske middelalderklostres arkæologi“, *Hikuin* 23 (1996), bls. 7–27; Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Nýj heimsmýrnad. Stöðreyting, stúarskipti, stöðót* (Reykjavík: Nýja bókatélagið 2000), bls. 32, og Roberta Gilchrist og Barney Sloane, *Requiem*.

11 Sjá t.d. Jon P. Þór, *Saga sjávarútvegs á Íslandi I* (Akureyri: Hólar 2002), bls. 135 og Helgi Þorláksson, „Öld kirkjuvalds 1520–40“, *Saga Íslands VI*, Ritsj. Sigurður Línadal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag 2003), bls. 30–40.

að komast yfir jarðir, er liggja utarlega í fjörðum ...“<sup>12</sup> og það bæði vegna útróðra og reka. Klaustrið hefur væntanlega sóst eftir útvegsjörðum til að afla tekna af útflutningi og vegna mataröflunar til eigin nota. Tekjur fengust einnig með öðrum hætti, eins og í gegnum próventuna, fyrir sáluhjálp af ýmsu tagi, áheit, almernt líknarstarf og eflaust sölu bóka, svo eitthvað sé nefnt.

Narfi Jónsson, fyrsti þrórinn á Skriðu, hófst þegar handa við að treysta efnahagslegan grundvöll klaustursins og koma upp eignasafni eftir að hann tók við stjórn þess. Klaustrið eignaðist til dæmis fjótlega jarðir víðsvegar um Austurland, einkum og sér í lagi sjávarjarðir. Meðal þessara jarða voru Brimnes í Seyðisfirði og jarðir í Loðmundarfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.

Samkvæmt úttekt Heimis Steinssonar á rituðum heimildum um Skriðuklaustur koma um 70 jarðir við sögu í víðskiptum þess. Átti það 23 jarðir þegar siðbreytingin varð.<sup>13</sup> Oft er ekki alveg ljóst hvort þeir þrórar á Skriðu eru í jarðabráski fyrir eigin reikning eða fyrir hönd klaustursins. Heimir Steinsson vísar að þessu álitamáli í ritgerð sinni og bendir á tilvik þar sem þrór virðist fyrst kaupa sjálfur og selur síðan áfram til klaustursins.<sup>14</sup> Það væru í dag talin víðskipti skyldra aðila.

Þrórarnir á Skriðuklaustri sóttust mest eftir jörðum í Múlaþingi. Frá því er þó ein mikilvæg undantekning. Þeir keyptu í áföngum alls 60 hundruð í útvegsjörðinni Borgarhöfn í Suðursveit og auk þess íttök í fjöru í Öreafum. Klaustrið hafði starfað í átta ár þegar Narfi þrór keypti fyrstu 20 hundruðin í Borgarhöfn af Ásgauti Ögundssyni prestssyni á Stafafelli í Lóni. Kaupbréfið er frá 4. júlí árið 1504 og að auki kaupir Narfi hlut Ásgauts í fjöru í Öreafunum. Fyrir þetta borgaði hann með arnarni jörð, Sumarliðabæ í Holtum, og skólavist fyrir einn prestlærling.<sup>15</sup> Síðar bætur Þorvarður þrór, eftirmaður Narfa, tvisvar sinnum 20 hundruðum í Borgarhöfn við eign klaustursins. Þetta er árin 1520 og 1522 og lætur hann fyrir smjör, nautpening, hesta og sjávarjarðirnar Vík og Sævarenda í Fáskrúðsfirði og auk þess peninga.<sup>16</sup> Samtals eignaðist Skriðu-

12 Heimir Steinsson, *Saga munklífis að Skriðu í Fljótsdal*, bls. 139.

13 Heimir Steinsson, „Jarðir Skriðuklausturs og efnahagur“, *Múlaþing 1* (1966), bls. 74–103.

14 Heimir Steinsson, *Saga munklífis að Skriðu í Fljótsdal*, bls. 98.

15 *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasöfn VII (= D I)* (Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1857–1972), bls. 714–715.

16 *D I VIII*, bls. 747–748. — *D I X*, bls. 122–123.

klaustur því 60 hundruð í Borgarhöfn en jörðin var metin á 80 hundruð. Átti Skálholtsstóll líka 20 hundruð í henni um tíma. Fluturinn í Borgarhöfn og fjatan í Öreafunum voru einu eignir Skriðuklausturs í Austur-Skaftafellssýslu.

Í landi Borgarhafnar í Suðursveit er Hálsaós eða Hálsaóhófn. Á klausturframanum var þar helsta verstöðin í Suðursveit og þangað sóttu Eyfirðingar, Þingeyingar og Fljótsdælir á vertíð. Svo var í það minnsta fram til 1573 þegar miklir skipstapar verða þar.<sup>17</sup> Þegar kom fram á 18. öld höfðu landbrot og sandburður eyðilagt endanlega þessa eftirsóttu eign.<sup>18</sup> Þessir atburðir allir urðu þó eftir að klausturfrámi lauk á Skriðu en Borgarhöfn varð konungseign með öðrum jörðum klaustranna eftir siðbreytinguna. Í kaupbréfinu með Borgarhöfn segir að þessi hluti verði „Skriðuklaustri til ævinlegrar eignar og frjáls forræðis“<sup>19</sup> þótt náttúruöfin hafi grípið þar inn í og eyðilagt verstöðina í landi jarðarinnar. Skriðuklausturslénid hélt þannig ítökum sínum í Borgarhöfn sem og öðrum útvegsjörðum. Því er ekki undarlegt að í úttekt á klaustureignumum frá árinu 1598 sé einumitt „skreiðarskemma“ meðal húsa á Skriðu og í henni 41 fiskur.<sup>20</sup>

Rétt eftir aldamótin 1700 safnaði Ísleifur Eimarsson sýslumaður efnu í jarðabók um svæðið á milli Lónsheiðar og Skeiðararsands. Um Borgarhöfn sagði hann: „Útræði á jörðin við Hálsaóhófn. Vermanna-skálar voru þar að fornu, 10 eður 12“.<sup>21</sup> Þetta bendir til að verstöðin hafi í byrjun 18. aldar verið farin að láta mjög á sjá þótt hugsanlega væri enn róid þaðan.

Borgarhöfn tilheyrði Skriðuklaustursumboði fram til ársins 1743. Þá gaf Danakonungur kirkjunum í Einholti og á Kálfafellstað í Hornafríði hlut klaustursins í jörðinni, 30 hundruð hvorri.<sup>22</sup> Skriðuklaustur missti þar með ítök sín í Suðursveit.

<sup>17</sup> Biskupaannállar Jóns Egiðssonar, *Söfn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju* I (Kaupmannahöfn 1853), bls. 108. Sjá einnig Torfi Steinþórsson, „Stjósókn í Austur-Skaftafellssýslu á dögum arabátta“, *Skaftafellingur* 11 (1996), bls. 49–50, og Sigurður Þórarinnsson, „Sambúð lands og lýðs í ellefu aldir“, *Saga Íslands* I. Ritstj. Sigurður Línadal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafræðingafélag og Sögufélag 1974), bls. 90–91.

<sup>18</sup> Sigurður Þórarinnsson, „Sambúð lands og lýðs í ellefu aldir“, bls. 90–92.

<sup>19</sup> *DI IX*, bls. 123.

<sup>20</sup> Heimir Steinsson, *Saga munklifis að Skriðu* í Fljótsdal, bls. 46 og 88.

<sup>21</sup> *Jarðabók Arna Magnússonar og Pétis Viðalíns XIII: Fylgiskjöl (Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska fræðingafélag og Sögufélag 1990)*, bls. 430–431.

<sup>22</sup> *Jarðatal á Íslandi*. Útg. Jón Johnsen (Kaupmannahöfn 1847), bls. 4.

### Fiskbeinin á Skriðuklaustri

Jarðakaup þessi benda til að umsvif Skriðuklausturs hafi náð til alls Austfirðingafjórðungs eins og hann var þá og ekki bara Múlaþings. Klaustrið átti eignir í Austur-Skaftafellssýslu og fiskbeinin, sem greind voru úr dýrabeinasmálinu frá Skriðuklaustri og heyrta til rekstrartíma þess, vekja sérstaka athygli í því sambandi.

Alengastur af fiskunum er rígaporskur en einnig fannst talsvert af beinum úr löngu og stórýsu, auk úfsans (sjá töflu 1). Af bæði þorski og löngu hafa fundist bein alls fíksins, þ.e. haus-, kvið- og hryggbein. Ólíklegt er þó að fiskurinn hafi verið fluttur nýr til klaustursins heldur komið þangað verkaður sem skreið.

TEGUND	FJÖLDI BEINA	STÆRÐ
ÞORSKUR	716	80% meira en 1 metri
ÝSA	13	100% meira en 1 metri
LANGA	47	100% meira en 1 metri
ÚFSI	165	(stærð ekki mæld)
SKATA	1	
LÚÐA	1	
HÁMERI	77	
ALLS	1020	

*Tafla 1.* Fjöldi og tegundir fiskbeina sem greind hafa verið úr beinasafni Skriðuklausturs.

Ætla má að afli á sjávarjörðum klaustursins hafi farið bæði til útflutnings og neyslu innanlands. Beinasafnið frá Skriðu bendir til að fiskur hafi verið nokkur hluti matar í klaustrinu. Beinast liggur við að fiskurinn hafi borist neðan af Fjörðum og inn að Skriðu. Sérstaklega var Brimnes yst í Seyðisfirði norðanverðum fengsæl verstöð í eigu klaustursins og þaðan hefur vatalaust borist fiskur á borð bræðranna á Skriðu. „Klausturskemma“ er örnefni í landi Brimness, og Jens Wium, einn klausturhaldara á Skriðu, forst af báti fyrir landi jarðarinnar árið 1740.<sup>23</sup>

En fiskigöngur við Ísland benda samt ekki til að mikið sé að fá af stórfiski niðri á Fjörðunum og sist af öllu stórýsu og löngu. Því þarf

<sup>23</sup> Heimir Steinsson, *Saga munklifis að Skriðu* í Fljótsdal, bls. 57.

að leita lengra að uppruna beinanna úr stórfiskinum í rústum klaustursins. Dr. Sigfús Schopka fiskifræðingur hefur skoðað beinaskýrsluna frá Skriðu og niðurstöður greininga á beinumum þaðan. Hann telur yfirgnæfandi líkur á að þetta sé fiskur veiddur fyrir sunnan land. Í tölvupósti frá 9. febrúar 2010 segir Sigfús að þorskurinn sé dæmigerður vertíðarþorskur eins og sá sem fæst sunnanlands, 10 kíló að þyngd og meira. Mestar líkur eru á að slíkur fiskur fáiist á vertíð vestan Hornafjarðar. Að mati Sigfúsar benda ýsu- og löngubeinin enn frekar til að aflinn sé kominn sunnan að. Ýsa og langa af þessari stærð fáiast nær aldrei í kalda sjónum fyrir austan. Sigfús ályktar því sem svo út frá beinaskýrslummi að yfirgnæfandi líkur séu á að aflinn, annar en hákarl, hafi veiðist í hlýja sjónum vestan Stokkness og Hornafjarðar og gæti hafa fengið enn vestar.<sup>24</sup>

Greiningar sem hafa verið gerðar á fiskbeinum úr fornleifauppgroftum víðar á landinu renna stöðum undir niðurstöðu Sigfúsar. Sem dæmi má nefna að þorskein sem grafin voru upp á miðalda- verslunarstaðnum við Gásir í Eyjafirði voru yfirleitt af um 60 cm löngum fiski.<sup>25</sup> Sömu sögu er að segja um fiskbein sem grafin voru upp úr öskuhaugi við bæinn Akurvík á Ströndum. Við greiningu mældist meðalstærð þorsks sem þar var neytt einnig um 60 cm.<sup>26</sup> Þetta er afli sem vænta má úr kalda sjónum fyrir norðan og austan.

### Fornar leiðir til og frá Skriðuklaustri

Klaustrið hefur því hugsanlega staðið fyrir flutningi á fiski — væntanlega hertri skreið — úr Suðursveit og norður í Fljótsdal, ef marka má niðurstöður beinagreininganna. Og þetta er það stór fiskur að hausarnir hafa einnig verið fluttir, því hausbeinin úr þessum stórfiski er líka að finna í rústunum á Skriðu.<sup>27</sup> En hvaða leið fóru

<sup>24</sup> Birt með leyfi Sigfúsar.

<sup>25</sup> Ramona Harrison, *The Gásir Area A Archaeofauna: An Update of the Results from the Faunal Analysis of the High Medieval Trading Site in Eyjafirður, N. Iceland*. NORSEC Zooarchaeology Laboratory REPORT No. 44 (New York 2009), bls. 25.

<sup>26</sup> Sophia Perdikaris og Thomas McGovern, „Viking Age Economics and the Origins of Commercial Cod Fisheries in the North Atlantic. The Origins of Commercial Fishing: Old Problems and New Insights“, *Beyond the Catch: Fisheries of the North Atlantic, the North Sea and the Baltic, 900–1850* (Leiden: Brill 2008), bls. 80.

<sup>27</sup> Sheila Hamilton-Dyer, *Skriðuklaustur Monastery, Iceland. Animal bones 2003–2007*.

Fljótsdælir þá með skreiðina að Skriðu ef rétt er að stórfiskurinn sé kominn úr Borgarhöfn í Suðursveit en ekki af Fjörðunum? Þar koma nokkrir möguleikar til greina.

Alkunna er að vermennt að norðan og austan sóttu suður fyrir land á vetrarvertíð. Þar var mestan afla að fá og mest að hafa af stórum göngulþorski, sem og ýsu og löngu. Fyrir vermennt á vegum Skriðuklausturs hefur verið hægast að sækja til útróðra á vetrarvertíð úr Suðursveit og þeir vafalaust róid úr Hálsahöfn, eign klaustursins að þremur fjórðu hlutum. Vegalengdin milli Skriðu og Hálsahafnar er ríflega 80 kílómetrar ef miðað er við beina loftlínu — en Vatna- jökull er á milli. Vitað er að Norðlendingar fóru til sjóróðra í Suður- sveit um Lónsöræfi austan jökulsins, og þar eru til dæmis Norð- lingavöð á tveimur stöðum.<sup>28</sup> Norðlingalægð heitir einnig svæðið upp af Kálfafellsfjöllum, vestan Breiðubungu í austanverðum Vatna- jökli.<sup>29</sup>

Sveinn Pálsson landlæknir hafði undir lok 18. aldar spurnir af leið úr Múlasýslu yfir jökulinn til Hornafjarðar. Hann segir í Ferða- bók sinni: „Suður og uppaf upptökum Jökulár verður allt í einu slakki mikill í jökulinn, og þar yfir hafa menn sennulega lagt leið sína úr Múlasýslu til fiskveiða í Hornafirði og þaðan á hinn bóginn norður að Snæfelli til að sækja fjallagrös.“<sup>30</sup> Í jöklariti sínu segir Sveinn að farið hafi verið „suðvestur yfir lágjökulinn að Hálsatindi, sem er hátt fjall sunnan í jöklinum, upp af prestssetrinu Kálfafelli í Hornafirði.“<sup>31</sup>

Þegar Árni Magnússon var í Suðursveit laust eftir aldamótin 1700 var honum sagt að farið hefði verið upp úr Hoffellsdal ofan Hornafjarðar og þaðan yfir fjalllendið meðfram skriðjökulnum austur úr Vatnajökli og komið niður í Fljótsdal suður. Árni hefur skráð hjá sér þessa heimild og segir að um 1640 hafi vegurinn yfir á Fljótsdalshérað lokast vegna jökla. Samkvæmt honum á hann að „...hafa verið gild dagsferð og ei meir“.<sup>32</sup> Þorvaldur Thoroddsen jarðfræðingur þekkti til þessarar frásagnar og skrifaði einnig um

<sup>28</sup> Hjörleifur Guðtomsson, „Við rætur Vatnajökuls“, *Árbók Ferðafélags Íslands* 1993, bls. 213. Sjá einnig Ormefnaskrá Stafafells og Brekku, Bæjarhreppi.

<sup>29</sup> Helgi Björnsson, *Jöklar á Íslandi* (Reykjavík: Opna 2009), bls. 231.

<sup>30</sup> *Ferðabók Sveins Pálssonar: Dögabækur og ritgerðir 1791–1797*. Jón Eyþórsóttur bjó til prentunar (Reykjavík: Snælandisútgáfan 1945), bls. 384.

<sup>31</sup> *Ferðabók Sveins Pálssonar*, bls. 475.

<sup>32</sup> Árni Magnússon, *Chorographica Islandica*. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta. II fl., I,2 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1953), bls. 16.

hana í Ferðabók sína.<sup>33</sup> Hann telur að leiðin hafi heitið Fjallasýn, en af orðum Árna Magnússonar má frekar ráða að talað hafi verið um að fara fjallasýn, það er um háfjöllin.

Hjörleifur Guttormsson segir í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1993 um þessa leið að farið hafi verið um svokallað Ölduskarð upp úr Höfellsdal<sup>34</sup> meðfram Vatnajökli og komið niður í Fijótsdal suður. Jökull var til skamms tíma í sjálfu skarðinu en er nú horfinn þaðan. Þetta hefur verið stysta leiðin frá Borgarhöfn að Skriðuklaustri, en þó hafa menn orðið að fara yfir bæði Hornafjarðarfjót og Jökulsá í Fijótsdal áður en komið var að Skriðu með skreiðina. Um Fijótsdal rennur Jökulsáin út í Lagarfjót og stóð klaustrið norðan við hana.

Leiðin um Ölduskarð og austan Vatnajökuls er enn í dag lokuð vegna jökla. Eftir að hún lokaðist var enn sem fyrr hægt að fara úr Hornafirði austur í Lón og þaðan áfram um Kollumúlahéiði og yfir í Suðurdal Fijótsdals. Hjörleifur rekur einnig hvernig norðlenskir vermenn hafa áður farið yfir jökulinn sem var mun minni á miðöldum en nú er, eins og Sveinn landlæknir greinir frá.<sup>35</sup> Lengri leið er að fara yfir jökulinn en um Hoffellsdal en hefur þann kost að ekki er yfir jökulár að fara.

Helgi Björnsson jöklafræðingur tekur í sama streng. Hann greinir í bók sinni *Jöklar á Íslandi* frá þekktum gönguleiðum sem farnar voru allt frá landnámsöld fram á 16. öld yfir Vatnajökul, þ.á m. úr Norðurdal Fijótsdals til Suðursveitar. Lá þá leiðin um Norðlingalægð og síðan suðaustur niður Skálafellisjökul og í Suðursveit. Einnig var hægt að fara úr Fijótsdal yfir í Skaftafell, en þá var farið suðvestur yfir hájökulinn eftir að komið var upp á Brúarjökul miðjan.<sup>36</sup>

Helgi gerir ráð fyrir að snælna hafi færst úr 1100 metrum niður í 700–800 metra hæð við sunnanverðan Vatnajökul frá miðri 16. öld til 19. aldar. Hann bendir jafnframt á að á „litlu ísöldinni“, sem hófst um 1400, hafi jöklar víðast hvar á landinu skriðið fram um 10–15 km og eytt gróðurlendi jafnt í byggð sem í óbyggðum.<sup>37</sup> Gera má ráð fyrir að gönguleiðirnar yfir Vatnajökul hafi breyst þessu samfara. Allt bendir þetta því til að leiðir milli Austur-Skaftafellssýslu og

33 Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands* II. Önnur útgáfa. (Reykjavík: Sjóður Þorvaldur Thoroddsen 1931), bls. 48.

34 Hjörleifur Guttormsson, „Við rætur Vatnajökuls“, bls. 145–147.

35 Sama heimild, bls. 145.

36 Helgi Björnsson, *Jöklar á Íslandi*, bls. 243.

37 Sama heimild, bls. 82–83 og 228.

Fijótsdals hafi verið mun greiðari á klausturtímum en síðar varð vegna framrásar jökla af völdum veðurfarsbreytinga.

Auk þessara leiða af Héraði og suður yfir til Austur-Skaftafellsýslu, var frá Skriðuklaustri einnig greið leið meðfram norðanverðu Lagarfjóti alla leið út að hinri mikilvægu hákarlaveiðistíð á tímum klaustursins í Bjarnarey á Héraðsflóa.<sup>38</sup> Þangað var farið norðan við Jökulsá á Dal og yfir brúna hjá Fossvöllum, sem getið er um í Íslandslýsingu á 16. öld, kenndri við Odd Einarsson biskup í Skálholti, eða á vöðum sem víða er að finna á eyrunum utan við Litla-Bakka.<sup>39</sup>

Til þess að komast niður á Firði vegna aðdrátta hefur hins vegar þurft að fara yfir Lagarfjót eða Jökulsá í Fijótsdal. Var það gert á kláfum, bátum, vöðum eða á ís<sup>40</sup> og síðan haldið yfir Vestdalsheiðina, t.d. til Brinness í Seyðisfirði<sup>41</sup>, eða yfir Hallormsstaðarháls í Skriðdal til þess að komast á Þórdalsheiðina til Reyðarfjarðar, Loðmundarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar<sup>42</sup>, þar sem klaustrið átti jarðir. Að líkindum var riðið yfir árnar við Lagarfjótbotninn, eins og kemur fram í Drop-laugarsonasögu og Hrafnkellsögu, en einnig eru nokkur vöð þekkt í örnefnum frá Hrafnkellsstöðum og inn að Víðivöllum.

Ekki má gleyma Gautavík í Berufirði, sem var helsti verslunarstaðurinn eystra á klaustur tímanum og þangað lágu kunnar leiðir úr Suðurdal Fijótsdals og þá yfir Öxi.<sup>43</sup> Þó svo að hvergi sé Gautavík getið í viðskiptum klaustursins, má telja líklegt að tengsl hafi verið þarna á milli. Sem dæmi má nefna að samskonar gerðir leirkerá hafa fundist á báðum stöðunum og benda þær í það minnsta til þess að svo hafi verið.<sup>44</sup>

38 Hjörleifur Guttormsson, „Minjar um sjósókn við Héraðsflóa“, *Múlaþing* 33 (2009), bls. 35–67.

39 Oddur Einarsson, *Íslandslýsing — Qualiscunque descriptio Islandiae*. Þýð. Sveinn Pálsson (Reykjavík: Menningarssjóður 1971), bls. 56. Sjá einnig Agnar Hallgrímsson, „Brúin á Jökulsá á Dal“, *Múlaþing* 3 (1968), bls. 26–57, og Sveinn Þórðarson, *Brýr að baki — brýr á Íslandi í 1100 ár* (Reykjavík: Verkfræðingafélag Íslands 2006).

40 Sjá t.d. Gunnlaugur Ingólfsson, *Klæffjurur. Brot úr samgöngusögu*. Fylgirit *Múlaþings* (Egilsstaðir: Héraðsnefnd Múlasýslna 2002).


41 *Fornir fjallvegir á Austurlandi* (Egilsstaðir: Ahugahópur um vörður og fjallvegi á Austurlandi 1998), bls. 10–11.

42 Sama heimild, bls. 58–59 og 60–62.

43 Sama heimild, bls. 37.

44 Ragnheiður Glö Gylladóttir, *Miðaldarklaustrið á Skriðu*. *Leitker*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna X (Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir 2005). — Tor-





Mynd 2. Fornar leiðir til helstu verstöðva og hafna frá Skriðuklaustri: (a) Úr Norðurdal Fjöttsdals suður yfir Vatnajökul og niður um Staðardal í Suðursveit, (b) Fjallasýn — úr Suðurdal Fjöttsdals og niður Hoffellsdal í Hornafirði (dagleið), (c) Úr Suðurdal Fjöttsdals um Kollumúlahéiði í Lón (fíklega notuð þegar Fjallasýn lokast um 1640), (d) Úr Suðurdal Fjöttsdals í Berufjörð (m.a. verslunarstaðinn í Gautavík), (e) Frá Skriðuklaustri til Bjarnareyjat, nýrst við Héraðsflóa (ca. 100 km), (f) Úr Fjöttsdal yfir Hallormsstaðarháls í Skriðdal og þaðan yfir Þórdalsheiði til Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, (g) Af Úthéraði um Vestdalsheiði til Brinness í Seyðisfirði. Fleiri leiðir kunna að hafa komið greina, t.d. úr Fjöttsdal í Geithellnadal í Hamarsfirði.

Þá er alls ekki útlokað heldur að skreiðin hafi verið flutt sjóleiðina úr Suðursveit til Gautavíkur eða annarra hafna eystra, t.d. úr Hamarsfirði og þaðan landveg í klaustrið. Einnig má ætla að landleiðin úr Hornafirði, yfir Almanskard og í Lón og þaðan norður um í Fjöttsdal hafi alltaf verið farin. Genir Lúðvík Kristjánsson ráð fyrir því.<sup>45</sup>

### Lokaorð

Fiskbein sem grafin hafa verið upp á Skriðuklaustri eru yfirleitt af meira en eins metra löngum fiski, einkum stórýsu, stórr löngu og ríggjörski. Það sýnir svo ekki verður um villst að fiskur þessi hefur verið veiddur við suðurströndina og síðan borist alla leið að Skriðu í Fjöttsdal. Eðlilegast er að tengja fiskinn við Borgarhöfn í Suðursveit úr því að klaustrið átti þrjá fjórðu þeirrar jarðar með helstu verstöð Suðursveitunga, þó svo að varla hafi verið auðsótt að koma fiskinum þaðan heim í skemmu á Skriðu.

Við nánari skoðun er nefnilega ljóst að Skriðuklaustur var í alfaraleið á þeim tíma er umsvif voru þar sem mest, þótt staðsetning þess kunní að virka einkennileg í dag. Í gegnum Fjöttsdalinn lágu leiðir suður yfir Vatnajökul, niður á Firði og út í Héraðsflóa. Skriðuklaustur var þannig síðasti viðkomustaður áður en farið var suður fyrir jökulinn en þær leiðir lokuðust vegna veðurfarsbreytinga og framrásar jökla á 17. öld.

Í samræmi við hlutverk útstöðva katólsku kirkjunnar gat Skriðuklaustur þess vegna þjónað öllu svæðinu austan Vatnajökuls frá Skriðu á klausturtíma, þótt það breyttist síðar vegna kólnandi veðurfars. Breytingar þessar á veðurfari og samgöngum hófðu enn fremur stjórnarfarsleg umskipti í för með sér, því Skaftafellssýslurnar tilheyrðu Austfirðingafórðungi til 1783 en voru þá fluttar í Sunnlendingafjórðung, hugsanlega vegna lokunar leiða þar á milli.

stein Capelle, „Rannsóknir á miðaldaverslunarstaðnum Gautavík“ [Íslensk þýðing, fyrst birt árið 1982], *Ólafía. Rit Fornleiffræðingafélags Íslands* III (2009), bls. 66–76.

45 Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir II* (Reykjavík: Menningarsjóður 1982), bls. 336–337.



## Abstract

STEINUNN KRISTJÁNSDÓTTIR OG GÍSLI KRISTJÁNSSON

## ON THE TRAIL OF SKRÍÐUKLAUSTUR FISH

The location of Skríðuklaustur, in a remote valley of the Fijótsdalshérað area, seems strange with respect to modern transportation. Medieval monasteries were typically situated on the more heavily travelled roads in order to fulfil their fundamental role of receiving people in need of spiritual or physical assistance. This was particularly true of those cloisters which ran hospitals, as Skríðuklaustur seems to have done.

Analysing the fish bones excavated in the Skríðuklaustur ruins put scholars on the trail of explanations for the monastery's location. On the monks' table were south coast fish: ling and very large cod and haddock. Such sizes and types of fish are rarely caught off East Iceland, even though it would have seemed easiest for the monastery people to obtain fish there, at least considering the roads of today. Large fish like this can, however, be caught off the coast of South Iceland.

Since the bones suggest that the fish eaten at the monastery were transported from the south, attention turned to possible transport routes which have since become impassable or forgotten. The article describes these routes, arguing that Skríðuklaustur was in fact centrally located in East Iceland with respect to the routes used while it was in operation, i.e. until it closed in 1550.

The obvious solution is that the large fish bones found in the monastery ruins stemmed from the Borgarhöfn harbour in the southeastern district of Suðursveit. The monastery owned three fourths of the Borgarhöfn land, which was home to one of the district's main fishing stations. While it would hardly have been simple to bring the fish from there to Skríðuklaustur, since Vatnajökull glacier lies between, there is evidence of at least three ancient routes leading up and southwards from Fijótsdalur valley and also of journeys by valley residents to work at fishing in Suðursveit.

Skríðuklaustur was one of the last stops on the way out of Fijótsdalur south past the glacier, but these routes later closed because of climate changes and 17th-century glacial advances. On the other hand, we also know of traditional paths from Skríðuklaustur over to eastern fjords and down to the bay of Héraðsfíói.

In keeping with its role as an outpost of the Catholic Church, Skríðuklaustur was therefore able to serve the entire area east of Vatnajökull during monastery times. This changed later because of the cooling climate. Moreover, in 1743 Skríðuklaustur authorities lost their rights to land in Suðursveit. Finally, climate and transportation developments also brought about governmental change: whereas the two Skatafellssýsla counties had belonged to East Iceland until 1783, they were then transferred to South Iceland, possibly because of access having been cut off towards the East.

## VIÐHORF

LOFTUR GUTTORMSSON

Ævilok Ögmundar Pálssonar biskups:  
svolfíl sagnritunarathugun

Samkvæmt nýlegum yfirlitritum um Íslandssögu leikur vafi á hvar og hvenær Ögmundur Pálsson, síðasti katólski biskupinn í Skálholti, lést. Í *Sögu Íslands*, 6. b., segir Helgi Þorláksson svo frá:

Sumir telja að Ögmundur hafi dáið í hafi á leið til Danmerkur, 13. júlí [1541], og almennt er haft fyrir satt að hann hafi verið lagður til hvílu við klausturkirkjuna í Sörey. Til er trúverðug þýsk samtímaheimild um að hann hafi komist lifandi til Hafnar og verið settur í klaustur þar sem hann lést innan árs.<sup>1</sup>

Í riti Gunnars Karlssonar, *Iceland's 1100 Years* (2000), má lesa eftirfarandi um þetta efni:

They [the captain's men] took him [Ögmund] back to Denmark with them, but sources differ over whether he died on the way or lived for a few years in Denmark.<sup>2</sup>

Nú má vel halda því fram að þessi óvissa um dauðdaga síðasta katólska biskupsins í Skálholti skipti harla litlu máli. Örlög Ögmundar hafi hvort sem er verið ráðin um leið og siglt var með hann, ófrjálсан manninn, frá Íslandi á herskipi Danakonungs; engu máli skipti fyrir skilning á framgangi síðaskiptanna á Íslandi hvort hinn aldri biskup lést á leiðinni eða komst lifandi á leiðarenda, til Kaupmannahafnar; þetta má allt til sanns vegar færa. En þegar þess er gætt að fram á síðustu öld var í frásögnnum kveðið skýrt að því að fram að andlátí sínu hefði Ögmundur biskup verið vistaður í

1 Helgi Þorláksson, *Saga Íslands*, 6. b. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag 2003), bls. 59.

2 Gunnar Karlsson, *Iceland's 1100 Years* (Reykjavík: Mál og menning 2000), bls. 130.